

Ár 2014, miðvikudaginn 12. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er í dómsal embættisins að Austurvegi 4, Selfossi af Hirti O. Aðalsteinssyni dómstjóra í málinu nr. S-132/2014:

### Ákærvaldið

*(Hulda Elsa Björgvinsdóttir saksóknari)*

**gegn**

**A**

*(Björgvin Þorsteinsson hrl.)*

kveðinn upp svohljóðandi

### dómur:

Mál þetta, sem tekið var til dóms þann 17. september sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara dagsettri 8. apríl 2014, á hendur ákærða, A,

„fyrir kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum með því að hafa á árinu 2012 ítrekað í samskiptum við B, áreitt hana með kynferðislegu orðbragði sem hér greinir:

1. Um sumarið ítrekað haft á orði við hana, m.a. með smáskilaboðum þann 27. júní, að færi hún úr að ofan fengi hún að aka bifreið hans, en ákærði var leiðbeinandi hennar í æfingaakstri.
2. Þann 3. janúar á samskiptasíðunni Facebook skrifað: „Ég skal kyssa þig á kinnina fyrir“, „rasskinnina“ og „Það gildir ekki þegar þú fórst úr að ofan og það leið yfir mig.“
3. Þann 10. janúar á samskiptasíðunni Facebook skrifað: „Ég nudda þig þá bara í sturtunni“.
4. Þann 16. janúar á samskiptasíðunni Facebook skrifað: „og ég er mjög glaður“, „graður átti þetta að vera“. Einnig skrifað „Þú ert lítil greddupadda“.
5. Þann 5. júní á samskiptasíðunni Facebook skrifað: „Nema þú verðir ber að ofan“.

6. Þann 12. júlí sent henni smáskilaboðin „*Ok ég verd ta bara ad sætta mig flass i stadinn*“ og „*Tu ert bara svo sjodandi heit...*“.

7. Þann 16. október á samskiptasíðunni Facebook spurt hvort hún væri í fötum, sagt að hún sé „*svo hott*“, hvort hún myndi vilja byrja með honum og að hún hefði skyldum að gegna sem kærasta hans. Einnig að hann myndi gera allt fyrir hana ef hún færi úr fötum, skipað henni að fara úr að ofan og neðan og spurt hvort hann mætti sjá rassinn.

Telst háttsemi ákærða varða við 199. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 88/2000 (svo).

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

#### *Einkaréttarkrafa:*

Af hálfu C og D, f.h. ólögráða dóttur sinnar B, er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni skaðabætur að fjárhæð kr. 1.000.000 auk vaxta skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 19. janúar 2012 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er kynnt ákærða, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags. Auk þess er gerð krafa um þóknun vegna réttargæslu úr hendi ákærða samkvæmt mati réttarins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á réttargæsluþóknun“.

Ákærði gerir þá kröfu aðallega að máli þessu verði vísað frá dómi en til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum ákæruvaldsins og jafnframt að bótakröfu verði vísað frá dómi. Til þrautavara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og bætur verði í því tilviki lækkaðar. Þá krefst verjandi ákærða málsvarnarlauna úr ríkissjóði.

#### **Málavextir.**

Með bréfi dagsettu 22. nóvember 2012 sendi fjölskyldu- og fræðsluvið E kæru til lögreglu vegna gruns um að ákærði hefði áreitt B, brotþola í máli þessu, með kynferðislegum hætti, en hún er fædd ..... 1996. Kemur fram í kærinni að málið hafi fyrst komið til athugun barnaverndarnefndar í janúar 2012 þegar brotþoli hafi greint frá því að ákærði, sem giftur sé móðursystur hennar, hafi í desember árið 2011 fengið óþægilega tilfinningu varðandi samskipti sín við ákærða. Hafi brotþoli heimsótt ákærða í 2-3 skipti á vinnustað hans og í eitt skiptið hafi hann boðist til að taka af henni myndir og hafi hún samþykkt það. Undir lok myndatökunnar hafi hann farið að nudda á henni axlir og fætur. Hafi brotþola fundist það óþægilegt og næsta dag hafi ákærði leyft henni að keyra og beðið hana um að segja ekki frá nuddinu þar sem það gæti misskilist. Þann 19. janúar 2012 hafi ákærði boðið brotþola í myndatöku á heimili sínu og þegar hún hafi haft fataskipti hafi henni fundist myndbandsupptökuvél vera í gangi. Hún kvaðst eftir myndatökuna hafa tekið minnskortið úr vélinni og skoðað það en þar hafi ekkert verið nema gamalt efni. Hafi ákærði haft samband við hana næsta dag og sagt henni að hún þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því að hann tæki hana upp. Faðir ákærðu hafi skoðað myndavél ákærða og hafi hann talið hana bilaða og ekki mögulegt að nota hana til upptöku. Brotþoli hafi þó verið sannfærð um að ákærði hefði tekið upp myndband af henni og hafi henni liðið illa yfir því. Þann 7. júlí 2012 hafi brotþoli skýrt sálfræðingi frá því að ákærði væri að leyfa henni að keyra og hefði í einhver skipti beðið hana um að sýna sér brjóstin í staðinn. Hafi brotþoli tekið þessu sem gríni en fundist þetta óþægilegt og alltaf neitað beiðninni. Móðir brotþola hafi sagt ákærða oft láta svona, systir brotþola hefði einnig upplifað þetta og tækju þær hann ekki alvarlega. Hafi móðir brotþola ekki viljað gera meira úr málinu. Í viðtali þann 13. júlí sama ár hafi brotþoli sýnt sálfræðingi SMS skilaboð frá ákærða sem talin voru af kynferðislegum toga. Hafi brotþoli skýrt frá versnandi líðan og þá hafi farið að bera á áhættu hegðun. Hafi starfsmenn barnaverndaryfirvalda lagt til að málið yrði kært til lögreglu og farið yrði í könnunarviðtal í Barnahúsi en brotþoli og foreldrar hennar hafi lagst gegn því. Hafi verið gerð áætlun þar sem gert yrði ráð fyrir áframhaldandi viðtölum sálfræðings við brotþola og myndu foreldrar brotþola taka ábyrgð á því að hún hefði engin samskipti við ákærða ein síns liðs. Héldi ákærði áfram að áreita brotþola yrði málið kært til lögreglu. Hafi mátt greina bættu líðan hjá brotþola undir haust en í október sama ár hafi aftur farið að bera á vanlíðan hjá henni. Hafi einkennin reynst alvarlegri en áður, hún hafi skorið sig í hendur og fætur, sofið illa, matarlyst hafi minnkað og hafi hún grennst talsvert. Þann 7. nóvember sama ár hafi brotþoli sýnt sálfræðingi Facebook samskipti sín við ákærða og að mati starfsmanna barnaverndar komi fram upplýsingar sem bendi til þess að um grófa kynferðisleg áreitni sé að ræða og jafnvel tilraunir til tælingar.

Brotþoli gaf skýrslu fyrir dómi í Barnahúsi þann 4. desember 2012 og skýrði svo frá að ákærði hefði í samskiptum við hana á Facebook talað um að hún ætti að fara úr fötunum og þá hafi hann alltaf verið að segja henni að hún væri alltaf að fróa sér. Þá hafi hann spurt hvort hann mætti „joina“ og einnig spurt hvort hún vildi verða kærastan hans. Hún kvaðst eftir þetta hafa lokað á samskiptin við hann en opnað fyrir þau aftur eftir að talað hefði verið við hann tvisvar og hann lofað öllu fögru og hafi hún haldið að hann væri hættur að vera svona dónalegur. Þá hafi ákærði verið að reyna að fá hana á rúntinn og leyfa henni að keyra ef hún sýndi honum brjóstin. Hún kvaðst ekki hafa gert það en samt fengið að keyra. Brotþoli kvaðst hafa verið pirruð út í ákærða en ekki beint hrædd við hann.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu þann 22. febrúar 2013 og kannaðist við að hafa átt þau samskipti við brotþola sem mál þetta snýst um. Um hafi verið að ræða ákveðið samskiptamál þeirra á milli sem þróast hafi á rangan hátt. Hafi hann gert sér fulla grein fyrir því að hann hafi verið að biðja brotþola um að gera hluti sem ekki hafi átt að gera. Hann kvað þessi samskipti ekki hafa verið af kynferðislegum toga og hafi hann verið að grínast.

### **Framburður ákærða og vitna fyrir dómi.**

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi að hann kannaðist við að hafa sent brotþola þau skilaboð er í ákæru greinir, annars vegar með smáskilaboðum og hins vegar á Facebook. Ákærði kvað ekki um kynferðislega áreitni að ræða, um væri að ræða málfar sem þekktist innan fjölskyldu brotþola, m.a. tali móðir hennar á þessum nótum og sé um grín að ræða. Hann kvað brotþola ekki hafa látið í ljós að henni liði illa út af þessu enda hafi hún þekkt slíkan húmor. Þá hafi hún að einhverju leyti tekið þátt í samskiptum af þessu tagi, bæði á Facebook og þeirra á milli. Þá ætti hún til að grípa um brjóstin á sér án þess að vera beðin um það. Ákærði kvað nú hugsanlegt að ekki hafi verið um viðeigandi háttsemi af hans hálfu að ræða en á þessum tíma hafi honum ekki fundist neitt athugasvert við þessi samskipti. Ákærði kvaðst ekki hafa litið á brotþola sem kynveru. Ákærði kvað það hafa verið nefnt við sig í janúar 2012 að hann hafi verið að taka af henni myndband er hún hafi verið að skipta um föt. Þarna hafi verið um misskilning að ræða, myndavélin hafi ekki verið í gangi. Ákærði mundi ekki hver nefndi þetta við hann, en hann mundi ekki eftir því að hafa rætt þetta við brotþola. Hann kvað málið hafa verið klárað á þann hátt að henni hafi verið gerð grein fyrir því að myndavélin hafi ekki verið stillt á upptöku. Hann kvað ekki hafa verið rætt við sig um brotþola fyrr en í október eða nóvember 2012 og hann kannaðist ekki við að talað hafi verið við hann þá um sumarið um liðan brotþola. Hann kvað það ekki hafa hvarflað að sér fyrr að um óviðeigandi samskipti af hans hálfu gagnvart brotþola hafi verið að ræða. Ákærði skýrði skilaboðin sem rakin eru í 5. tölulið ákærunnar þannig að brotþoli hafi verið á leið í myndatöku til hans og hafi hann átt við að myndatakan yrði í lagi, nema hún yrði ber að ofan. Ákærði ítrekaði að aldrei hafi fylgt hugur máli þegar hann hafi beðið brotþola um að fara úr að ofan.

Brotþoli skýrði svo frá fyrir dómi að 19. janúar 2012 hafi málið byrjað með myndbandsupptöku ákærða af henni, en það mál hafi verið klárað strax. Samskiptin sem verið hafi fyrr í janúar hafi hún talið að væri fíflagangur í ákærða. Seinna hafi ákærði beðið hana um að flassa þegar þau hafi verið að keyra, hún hafi átt að sýna honum brjóstin gegn því að fá að keyra. Reynt hafi verið að stöðva ákærða en það ekki tekist. Í þriðja skiptið hafi þetta byrjað aftur og farið versnandi. Hafi hann talað um hvað hann væri góður í rúminu og þá hafi hann talað um að hún væri alltaf að fróa sér. Henni hafi fundist ákærði tala við hana á kynferðislegum nótum og kvaðst hún hafa beðið hann um að hætta því. Vitnið mundi ekki hvenær það var. Hún kvað sér hafa liðið mjög illa meðan á þessu stóð og hefði hún verið í sjálfsvígshættu og verið lögð inn á BUGL (barna- og unglingageðdeild). Þá kvaðst hún ekki hafa fengið stuðning frá fjölskyldu sinni. Hún kvað sér hafa liðið illa áður en þetta kom til, faðir hennar hafi ekki staðið sig og einnig hafi kennarar lagt hana í einelti. Hún kvaðst hafa litið á ákærða sem föðurmynd en hann hafi meira verið til

staðar en faðir hennar. Hún kvað ákærða oft hafa komið að F þar sem hún hafi verið að vinna og hafi henni verið sagt að hann kæmi þangað oftast eftir að hún hafi byrjað þar. Borin voru undir brotaþola þau samskipti sem lýst er í 7. tölulið ákærunnar og kvað hún sér hafa fundist þau ógeðsleg og taldi hún tilgang ákærða með þeim hafa verið að ná sér í rúmið og halda fram hjá frænku hennar í leiðinni.

Vitnið G sálfræðingur skýrði svo frá fyrir dómi að brotaþoli hafi greint frá samskiptum sínum við ákærða í lok janúar 2012. Hún hafi verið þess fullviss að ákærði hefði tekið af henni myndband þegar hún hafi verið að skipta um föt. Hafi henni ekki líðið vel með þetta. Henni hafi farið að líða betur undir vorið en í júlí sama ár hafi hún komið aftur og skýrt frá því að hún væri að fara í bíltúra með ákærða og væri hann að biðja hana um að fara úr að ofan gegn því að fá að keyra. Stuttu seinna hafi hún sýnt vitninu SMS skilaboð sem farið hefðu á milli hennar og ákærða. Í september sama ár hafi líðan hennar versnað, hún hafi farið að skera sig og hafi henni þá verið vísað á BUGL. Stuttu eftir þetta hafi hún skýrt frá því að hún væri enn í samskiptum við ákærða og líði henni illa með það. Eftir að Facebook samskiptin við ákærða hafi komið upp hafi hún haft verulegar áhyggjur af brotaþola, hún hafi verið í verulegri sjálfsvígshættu og hafi verið óskað eftir neyðarvistun á BUGL fyrir hana. Hún kvað brotaþola hafa verið í meðferð hjá sér eftir þetta og allt árið 2013. Vitnið kvað engan vafa leika á því að vanlíðan brotaþola mætti rekja til samskiptanna við ákærða. Brotaþoli hafi verið í stöðugu álagi frá fjölskyldu sinni, átt hafi að leiða hana og ákærða saman og hafi hún átt að fyrirgefa honum. Vitnið kvað brotaþola líða betur nú og hafi hún farið í fóstur og fljótlega eftir það hafi líðan hennar batnað. Vitnið kvaðst hafa komið að máli þessu sem skólasálfræðingur, þar sem brotaþoli hafi verið í greiningu hjá henni, en ekki sem starfsmaður barnaverndarnefndar. Vitnið kvaðst hafa fengið þær upplýsingar frá móður brotaþola að hún hefði rætt við ákærða og látið hann vita um líðan brotaþola. Aðspurð af verjanda ákærða kvaðst vitnið vera góð vinkona réttargæslumanns brotaþola.

Vitnið H yfirfélagsráðgjafi skýrði svo frá fyrir dómi að mál brotaþola hafi fyrst komið til barnaverndarnefndar vegna hugsanlegrar myndbandsupptöku ákærða af brotaþola í janúar 2012. Því máli hafi lokið fljótlega þar sem talið hafi verið að um misskilning hafi verið að ræða. Um sumarið eftir hafi hún komið í ljós SMS samskipti ákærða við brotaþola og hafi málið þá verið opnað. Vegna afstöðu brotaþola og móður hennar hafi þá verið fallið frá því að kæra til lögreglu. Í október og nóvember hafi Facebook samskipti ákærða við brotaþola komið í ljós og hafi þá verið ákveðið að kæra málið til lögreglu. Hún kvað móður brotaþola hafa sagt að hún hafi rætt við ákærða um þetta í janúar 2012 og aftur um sumarið en hún hafi tekið fram að hún hafi ekki sagt honum þá að málið væri komið aftur til barnaverndarnefndar og þá hafi brotaþola fundist erfitt að ræða málið við foreldra sína þar sem málið hefði valdið uppnámi í fjölskyldunni. Hafi ákærði þá lofað að hætta þessum samskiptum.

Vitnið C, faðir brotaþola, skýrði svo frá fyrir dómi að hann hafi fengið vitneskju um málið um mitt sumar 2012 og kvað hann móður brotaþola hafa tjáð sér að hún hefði talað við ákærða og hefðu samskiptin þá hætt. Um haustið hefði þetta byrjað aftur og þá hefðu það verið Facebook samskipti. Hann kvaðst hafa rætt við ákærða eftir að brotaþoli hefði farið á BUGL og hefði ákærði sagt að hann sæi eftir þessu og gætu þau kært ef þau vildu og hafi ákærði viljað að þetta gengi hratt fyrir sig. Hann kvað brotaþola hafa verið langt niðri um haustið og hafi lítið mátt

tala við hana. Vitnið kvaðst ekki hafa vitað um hugsanlega myndatöku ákærða af brotþola í janúar fyrr en honum hafi verið sagt frá því síðar. Vitnið kvaðst ekki hafa verið í miklum samskiptum við brotþola áður en mál þetta kom upp, en hann hefði verið í miklum samskiptum við hana eftir það. Hann kvað líðan hennar miklu betri eftir að hún hafi flutt upp á land.

Vitnið I skýrði svo frá fyrir dómi að hún hafi unnið með brotþola í versluninni F í E. Hún kvað ákærða eitt sinn haustið 2012 hafa gengið inn í verslunina og hafi brotþoli þá stífnað upp, frosið og fölnað í framan. Hún kvað brotþola hafa sagt henni hluta af því sem hefði verið í gangi, ákærði hefði verið að áreita hana. Hafi verið greinilegt að brotþola liði mjög illa. Hann væri að hennar sögn oft að mæta í vinnuna til hennar og liði henni illa útaf af því. Hún kvaðst hafa orðið vör við að brotþoli væri að skaða sjálfa sig og kvaðst hún hafa þurft að gera ráðstafanir til að fela blöð í sköfur sem talið var að brotþoli væri að taka.

Vitnið D, móðir brotþola, skýrði svo frá fyrir dómi að hún hafi fyrst vitað af máli þessu í janúar 2012 þegar haldið var að ákærði hefði tekið myndband af brotþola. Kvað hún G hafa sagt sér frá þessu og hefði faðir vitnisins athugað myndavélina og sagt að hún væri ónýtt. Brotþoli hafi hins vegar verið alveg viss um að ákærði hefði tekið myndband af henni á meðan hún skipti um föt. Vitnið hélt að hún hefði ekki rætt við ákærða um þetta, en hélt að faðir vitnisins hefði gert það. Um sumarið hefði komið í ljós að ákærði hefði verið í SMS samskiptum við brotþola og væri hún farin að skera sig. Hún kvaðst ekki hafa verið tilbúin til að kæra ákærða en kvaðst hafa rætt við hann og spurt hvort hann væri ekki til í að hætta þessu. Hafi hann tekið því vel og sagt það ekkert mál og hafi hún þá haldið að þetta væri búið. Vitnið kvaðst hafa séð einhver Facebook eða SMS samskipti brotþola við ákærða og hafi henni fundist ákærði hafa farið yfir strikið. Hún kvað brotþola hafa falið fyrir sér að hún væri farin að skera sig en hún hefði komist að því um haustið. Um haustið hafi G kallað á hana á fund og hafi hún þá séð samskiptin á milli ákærða og brotþola sem henni hafi fundist heldur gróf og í framhaldi af því hafi brotþoli verið lögð inn á BUGL og lögð hafi verið fram kæra á hendur ákærða. Vitnið kannaðist ekki við að samskiptamátinn í fjölskyldunni væri klúr eða á kynferðislegum nótum. Hún kvað talsmáta ákærða í samskiptunum við brotþola hafa komið sér á óvart, hann hafi aldrei talað á þessum nótum við fólk.

Vitnið J skýrði svo frá fyrir dómi að brotþoli hefði komið í fóstur til hennar að K í október eða nóvember 2013. Hafi henni verið sagt að um væri að ræða stúlku sem orðið hefði fyrir kynferðislegri áreitni og hefði ekki stuðning heima fyrir. Hafi verið bent á það að brotþoli hafi verið að skaða sig og hafi þurft að fylgjast með því. Engin vandræði hafi fylgt brotþola og eftir áramót hafi hún farið í skóla. Hún kvaðst fyrst hafa merkt stress hjá henni og þá hafi hún talað um að hún vildi ekki fara til E, en faðir hennar hafi staðið með henni. Hún hafi rætt um að hún hafi viljað taka líf sitt og þá hafi hún smátt og smátt lýst áreitni af hálfu ákærða í hennar garð.

Vitnið L, eiginkona ákærða, skýrði svo frá fyrir dómi að tekin hafi verið mynd af ákærða, tveimur börnum þeirra og brotþola þegar verið var að ..... og hafi brotþoli verið ánægð með það og sett hana á Facebook. Vitnið kannaðist ekki við að hafa beðið brotþola að sitja fyrir á þessari mynd. Vitnið kvað ákærða hafa sérstakan húmor, klámfenginn aulahúmor. Þá væru brotþoli og móðir hennar

klámfengnar. Hún kvað enga alvöru á bak við þennan talsmáta ákærða. Hún kannaðist ekki við að brotaþoli hefði litið á ákærða sem föðurímynd en hún hefði sótt mikið í hann.

Vitnið M skýrði svo frá fyrir dómi að brotaþoli hefði nánast engin samskipti haft við föður sinn og hafi hún verið reið út í hann. Hún hafi verið kát stelpa en alltaf átt erfitt í skóla og átt erfiða ævi. Vitnið mundi eftir grunsemdum um að ákærði hefði tekið myndband af brotaþola meðan hún hafi verið að skipta um föt. Hún kvað hafa verið gengið úr skugga um að engar myndir hefðu verið teknar. Vitnið kvað D systur sína oft blóta og vera með kjaft og væri brotaþoli vön þessu. Þá kvaðst hún ekki hafa orðið vör við klámfengið tal af hálfu ákærða. Hún kannaðist ekki við að brotaþoli hafi litið á ákærða sem föðurímynd, það ætti frekar við um eiginmann vitnisins. Hún kvað brotaþola ekki hafa rætt við vitnið um samskipti sín við ákærða og ekki hafa rætt um að henni liði illa af þeim sökum, en hún hafi talað um að henni liði illa út af föður sínum.

Vitnið N, félagsráðgjafi, skýrði svo frá í símaskýrslu fyrir dómi að brotaþoli hafi verið á BUGL frá 16. nóvember 2012 til 4. desember sama ár. Frá 21. mars 2013 hafi hún komið á göngudeildina. Ástæða komu hennar hafi verið mjög mikil vanlíðan, sjálfskaðahætta og áfallaeinkenni vegna langvarandi kynferðislegs ofbeldis. Þá hafi hún verið stanslaust í aðstæðum þar sem þess hafi verið krafist að hún væri í samskiptum við geranda. Hún kvað hafa komið fram hjá brotaþola að hinn ætlaði gerandi væri mágur móður brotaþola.

## **Niðurstaða.**

Verjandi ákærða krafðist þess við upphaf munnlegs málflutnings að máli þessu yrði vísað frá dómi. Byggir verjandi þessa kröfu á því að saksóknari í máli þessu hafi verið vanhæfur til að gefa út ákæru í málinu og er sú krafa byggð á 1. mgr. 26. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. g-lið 1. mgr. 6. gr. laganna og 5. mgr. 26. gr. laganna. Telur verjandinn vinatengsl vera milli sækjanda og réttargæslumanns brotaþola, hann hafi t.d. upplýsingar um að þær gisti hvor hjá annarri. Þá telur verjandi tímaskýrslu réttargæslumanns benda til óeðlilega mikilla samskipta við sækjanda. Hafi sækjandinn, vinkona réttargæslumannsins, látið undan og gefið út ákæru í málinu. Þá hafi vitnið G ekki verið hæf til að bera vitni í málinu vegna vinskapar við réttargæslumann, en hún sé æðsti yfirmaður G sem .....

Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. laga nr. 88/2008 skal ríkissaksóknari víkja sæti ef hann er vanhæfur til að fara með mál sem dómari skv. 6. gr. laganna. Í þeirri lagagrein eru talin upp þau tilvik þar sem dómari er vanhæfur til að fara með mál og samkvæmt g-lið lagagreinarinnar skal dómari víkja sæti ef fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa. Samkvæmt 5. mgr. 26. gr. laganna skal dómari, eftir að ákæra hefur verið gefin út, annaðhvort að eigin frumkvæði eða samkvæmt kröfu aðila, vísa máli frá dómi ef hann telur að ákærandi hafi verið vanhæfur til að höfða málið.

Þau tengsl sem upplýst er í máli þessu að eru á milli réttargæslumanns brotþola og sækjanda og vitnisins G eru fjarri því að mati dómsins að vera þess eðlis að draga megi óhlutdrægni sækjanda í efa og verður frávísunarkröfu verjanda ákærða því hafnað.

Óumdeilt er í máli þessu að ákærði átti þau samskipti við brotþola á samskiptasíðunni Facebook og með smáskilaboðum á árinu 2012 svo sem greinir í ákæru, en á þessum tíma var brotþoli 15 og 16 ára. Ákærði kvað ekki um kynferðislega áreitni að ræða, um væri að ræða málfar sem þekktist innan fjölskyldu brotþola og sé um grín að ræða. Brotþoli hafi ekki látið í ljós að henni líði illa út af þessu enda hafi hún þekkt slíkan húmor. Brotþoli hefur lýst því að í fyrstu hafi hún talið að um fíflgang í ákærða hafi verið að ræða en síðar hafi henni fundist ákærði tala við hana á kynferðislegum nótum og kvaðst hún hafa beðið hann um að hætta því. Henni hafi líðið mjög illa meðan á þessu stóð, hún hefði verið í sjálfsvígshættu og verið lögð inn á barna- og unglingsgeðdeild. Vitnið G kvað engan vafa leika á því að vanlíðan brotþola mætti rekja til samskiptanna við ákærða. Hún hafi verið í stöðugu álagi frá fjölskyldu sinni og hafi átt að leiða hana og ákærða saman og hafi hún átt að fyrirgefa honum. Brotþoli hefur verið í fóstri að K undanfarið ár og hefur komið fram að henni líði mun betur nú.

Ákærði hefur skýrt þau ummæli sem 5. liður ákæru lýtur að með þeim hætti að brotþoli hafi verið á leið í myndatöku til hans og hafi hann átt við að myndatakan yrði í lagi, nema hún yrði ber að ofan. Fallast ber á það sjónarmið ákærða að í þessum ummælum hafi ekki falist kynferðisleg áreitni og verður hann sýknaður af þessum ákæruulið.

Önnur ummæli ákærða sem í ákæru greinir beindust gegn brotþola sem var barn að aldri, þau voru ítrekuð og hlaut ákærða að vera ljóst að í þeim fólst kynferðislegt orðbragð sem var til þess fallið að valda brotþola ótta. Sú vörn ákærða að um grín hafi verið að ræða leysir hann engan veginn undan sök. Hefur ákærði með þessari háttsemi sinni brotið gegn 199. gr. almennra hegningarlaga og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði hefur ákærði ekki áður sætt refsingu.

Við ákvörðun refsingar ákærða ber að hafa í huga að brot hans beindust gegn stúlkubarni sem tengdist honum fjölskylduböndum og brást hann trúnaðartrausti brotþola, en hún hefur lýst því að ákærði hafi verið föðuámynd hennar. Þá verður af framburði vitna í máli þessu ráðið að brot ákærða höfðu alvarlegar afleiðingar fyrir brotþola, hún var lögð inn á barna- og unglingsgeðdeild og í framhaldi af því hefur hún verið í fóstri.

Með hliðsjón af öllu framansögðu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði en fullnustu refsingarinnar skal frestað og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Forráðamenn brotþola lögðu fram bótakröfu í málinu en brotþoli hefur nú náð 18 ára aldri og er því fjár síns ráðandi. Krafist er miskabóta að fjárhæð 1.000.000 krónur með nánar tilgreindum vöxtum og er krafan þannig rökstudd að um sé að

ræða brot sem ákærði beri skaðabótaábyrgð á samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 50/1993. Þegar kynferðisbrot séu framin verði fórnarlömbin ávallt fyrir miskatjóni og beri að ákvarða bætur fyrir miskann eftir því sem sanngjarnt þykir. Við mat á fjárhæð beri að líta til þess hversu alvarlegt brotið sé, hvert sakarstig brotamanns sé, hver huglæg upplifun brotapolans sé og loks til umfangs tjónsins. Um hafi verið að ræða kynferðislega áreitni þar sem ákærði hafi viðhaft orðbragð sem hafi verið mjög meiðandi, ítrekað og valdið brotþola ótta. Ákærði hafi verið 36 ára þegar hann hafi brotið gegn 15 ára gamalli systurdóttur eiginkonu sinnar, en fjölskyldutengslin geri brotin enn alvarlegri en ella þar sem brotþola hafi verið gert erfitt fyrir að útiloka ákærða úr lífi sínu. Ásetningur ákærða hafi verið mikill og einbeittur, brotin hafi verið framin á löngum tíma og hafi hann sýnt einbeittan vilja til að brjóta á brotþola. Í vottorði sálfræðings komi fram að vaxandi depurð og kvíði, minnkuð félagsleg virkni, sjálfskaðandi hegðun og sjálfsvígshugsanir megi rekja til samskiptanna við ákærða og hafi veikt mótstöðu hennar gagnvart öðrum erfiðleikum.

Í vottorði G og H frá 7. maí sl. kemur fram að brotið sem brotþoli hafi orðið fyrir og afleiðingar þess innan fjölskyldunnar hafi valdið henni miklu álagi og leitt til vanlíðanar. Það hafi haft verulega raskandi áhrif á félagslega stöðu hennar og orðið þess valdandi að nauðsynlegt hafi verið að vista hana fjarri fjölskyldu sinni. Það hafi jafnframt sýnt sig að með réttum úrræðum og stuðningi sýni brotþoli miklar framfarir og mun betri líðan. Fyrirsjáanlegt sé að brotþoli þurfi áframhaldandi stuðning í framtíðinni og hafi þegar verið rætt um möguleikann á framlengingu fósturs eftir 18 ára aldur.

Að mati dómsins leikur enginn vafi á því að ákærði hefur valdið brotþola miska sem honum ber að bæta með vísan til 26. gr. laga nr. 50/1993. Þykja bætur til brotþola hæfilega ákveðnar 600.000 krónur og bera þær vexti eins og í dómsorði greinir.

Þá ber með vísan til 218. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Björgvins Þorsteinssonar hrl., 1.300.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og útlagðan kostnað lögmannsins, 79.312 krónur. Þá ber ákærða að greiða þóknun réttargæslumanns brotþola, Páleyjar Borgþórsdóttur hdl., vegna vinnu hennar í þágu brotþola við rannsókn og dómsmeðferð málsins, sem samkvæmt tímaskýrslu lögmannsins nemur alls 94 og hálfri klukkustund, eða 1.148.325 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og útlagðan kostnað lögmannsins, 51.000 krónur.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kveður upp dóm þennan. Dómsuppkvaðning hefur dregist fram yfir lögbundinn frest en dómari og málflytjendur töldu ekki þörf endurflutnings.

**Dómsorð:**

Ákærði, A, sæti fangelsi í 6 mánuði en fullnustu refsingarinnar skal frestað og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði B 600.000 krónur ásamt vöxtum skv. 8. gr., sbr. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 19. janúar 2012 til 13. júlí 2013, en með dráttarvöxtum frá þeim degi skv. 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Björgvins Þorsteinssonar hrl., 1.300.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og útlagðan kostnað lögmannsins, 79.312 krónur og þá greiði ákærði einnig þóknun réttargæslumanns brotaþola, Páleyjar Borgþórsdóttur hdl., 1.148.325 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og útlagðan kostnað lögmannsins, 51.000 krónur.

Aðalsteinsson

Hjörtur O.